

Í FRÉTTUM ER

ÞETTA FEBRÚAR HELST



FÖST VIÐVERA Á BLÖNDUÓSI

Ástrós Elísdóttir, verkefnissjóri Sóknaráætlunar og ráðgjafi er nú með [fasta viðveru á Blönduósi](#). Hún er staðsett í Kvennaskólanum. Við hvetjum íbúa á svæðinu til að nýta sér þjónustuna.



FJÖLDI UMSÆKJENDA

Í janúar var auglýst starf [atvinnuráðgjafa með áherslu á nýsköpun](#). Alls bárust 20 umsóknir. Við erum stolt af þessum mikla áhuga.



UPPHAF SUB

Hitt [brúarverkefnið sem við erum þátttakendur](#) í fór af stað um miðjan mánuðinn. Það gengur út á að skoða möguleika í hjólaferðamennsku í dreifðum byggðum.



HVATNING TIL ÞÁTTTÖKU

Eins og áður er SSNV aðili að [fyrirtækjakönnun landshlutanna](#). Könnunin er hugsuð til að ná utan um stöðu atvinnulífsins í landshlutanum. Mikilvægt er að ná sem mestri þátttöku til að hægt sé að fá skýra mynd af stöðunni.



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA

UPPHAF GLOW



[Upphafsfundur GLOW](#), annars brúarverkefnis Norðurlandaráætlunar sem við erum þátttakendur í fór fram. Verkefnið gengur út á að finna leiðir til að nýta myrkur í ferðarþjónustu.

ÁLYKTUN STJÓRNAR



Stjórn SSNV [ályktaði um skerðingu aflaheimilda](#) til strandveiða.

FRÆÐSLU- MYNDBÖND




Fræðslumyndböndin sem birt voru í janúar eru nú [aðgengileg með enskum og pólskum texta](#). Innan tíðar verða þau einnig aðgengileg með arabískum texta.

ÞINGMENN FUNDA



Þingmenn funduðu með sveitarstjórnarfólki í kjördæmaviku eins og vant er. Á fundunum sköpuðust góðar og gagnlegar umræður um helstu framfararáætlanir.

SKRIFAÐ UM RAFORKUMÁL



Framkvæmdastjóri SSNV skrifaði [grein um orkumál](#) og mikilvægi þess að nýta orkuna úr Blöndu í heimabyggð. Með því móti er stuðlað að hagvexti í landshlutanum og bættri nýtingu auðlinda.

2022

FYRIR NORÐURLAND VESTRA